



Reykjavík, 21. júní 2018

R18060133

HBL/bp

Velferðarráð

Borgartún 10 - 12  
105 REYKJAVÍK

***Tillaga borgarfulltrúa Sósíalístaflökks Íslands um stofnun félags skjólstæðinga velferðarsviðs***

Á fundi borgarstjórnar þann 19. júní 2018 var samþykkt með 12 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna gegn 11 atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Sósíalístaflökks Íslands, Miðflokksins og Flokks fólksins að vísa svohljóðandi tillögu borgarfulltrúa Sósíalístaflökks Íslands til meðferðar velferðarráðs.:

Lagt er til að borgarstjórn beiti sér fyrir stofnun félags skjólstæðinga velferðarsviðs Reykjavíkur og tryggi fulltrúum þess áheyrnarsetu í velferðarráði.

Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun við afgreiðslu málsins:

Nú þegar á sér stað afar umfangsmikið samráð við notendur velferðarþjónustunnar í borginni. Hlutfallsleg framlög til velferðarþjónustu í Reykjavík eru mun hærra en í öllum nágrannasveitarfélögum Reykjavíkur. Þjónustan í Reykjavík er því betri, umfangsmeiri og víðari en í öðrum sveitarfélögum. Þó má alltaf gera betur og mikilvægt að nýta tækifæri til enn meira samráðs við notendur þjónustunnar ef velferðarráð telur þörf á því.

Helga Björk Laxdal  
e.u.